

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1918.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka sedlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóvember 1905; undirskrifuð af konungi 30. nóvember 1918.

Dansk íslensk sambandslög; undirskrifuð af konungi s. d.

Konungsúrskurður, er fellir úr gildi konungsúrskurð 19. júní 1915, um uppburð laga og mikilvægra stjórnarráðstafana fyrir konungi; undirskrifaður af konungi s. d.

Konungsúrskurður um fánann, undirskrifaður af konungi s. d.

Bráðabirgðalög um breyting á löggjöfinni um skrásetning skipa; undirskrifuð af konungi s. d.

Auglýsing

130
10. sept.

um atkvæðagreiðslu um dansk-íslensk sambandslög.

Þar eð Alþingi hefir á stjórnskipulegan hátt samþykkt dansk-íslensk sambandslög, er gera breytingu á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, skulu nefnd lög, samkv. 21. gr. stjórnskipunarlaga nr. 12, 19. júní 1915 lögð undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðsla þessi skal fara fram svo, sem hjer segir:

1. Atkvæðisrjett hafa allir, karlar og konur, sem kosningarrjett hafa við óhlutbundnar kosningar til Alþingis. Atkvæðagreiðslunni stýra kjörstjórnir og yfirkjörstjórnir, sem um getur í 7 og 8. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915 um kosningar til Alþingis. Svo gilda og ákvæði nefndra kosningalaga um kjörstað, kjörherbergi og atkvæðakassa.

2. Yfirkjörstjórnir skulu samkvæmt þeirri reglu, sem fyrirskipuð er í 21. gr. nýnefndra kosningalaga senda undirkjörstjórnnum atkvæðisseðla þá, sem

130 stjórnarráðið hefir gera látið til notkunar við atkvæðagreiðsluna og sendir eru 10. sept. yfirkjörstjórnunum þannig útlitandi:

Dansk-Íslensk sambandslög	
(Þeir, sem óska að lög þessi, er síðasta Alþingi samþykkti, æðlist staðfestingu konungs, geri kross í ferhyrninginn fyrir framan »Já«, en þeir, sem eru á móti því, geri kross í ferhyrninginn fyrir framan »Nei«.	
	Já
	Nei

Utan á umbúðunum skal fyrir utan hina venjulegu áritun standa með skýru lettri: »Seðlar til atkvæðagreiðslu um Sambandslögin«.

3. Atkvæðagreiðslan skal hefjast á hádegi laugardaginn 19. október næstkomandi og skal kjörstjórnin fylgja þeim reglum, sem settar eru í lögnum um kosningar til Alþingis, um kosningarathöfn, að svo miklu leyti, sem við getur átt, og fer atkvæðagreiðslan fram á sama hátt, sem þar er fyrir mælt um kosningar til Alþingis, með þeirri breytingu einni, að gjöra skal kross með blýant fyrir framan »Já« eða »Nei« á atkvæðisseðlinum.

4. Sem gjörðabók við atkvæðagreiðsluna skal nota hina sömu og við kosningar til Alþingis.

5. Þegar atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti leggja í sterkt umslag sjer alla þá seðla, sem ógildir hafa orðið, og í annað sterkt umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir, með utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Á hið fyrnefnda umslag skal auk umgetinnar utanáskriftar rita með skýru lettri: *Ógildir atkvæðisseðlar*, en á hitt: *Afgangs atkvæðisseðlar*. Í hvort umslag skal jafnan leggja miða með samtölu seðlanna, er í eru, undirskrifaðan af kjörstjórninni. Seðlatölunnar af hvoru tagi skal geta í kjörbókinni. Skýrslu um atkvæðagreiðsluna bæði að þessu og öðru leyti skal bóka í gjörðabókina, og þegar atkvæðagreiðslunni er lokið og alt bókað, skulu kjörstjórnarnir undirskrifa kjörbókina.

Þegar búið er að loka báðum umslögnum með kjörseðlunum, skal kjörstjórnin innsigla þau með innsigli sínu, og senda síðan til oddvita yfirkjörstjórnar ásamt atkvæðakassanum og gjörðabókinni.

6. Yfirkjörstjórn skal á hverjum kjörstað þann dag, er atkvæðagreiðsla

fer fram, auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakass- **130**
ana og telja atkvæðin, en talning atkvæða skal framkvæmd svo fljótt sem verða 10. sept.
má. Skal sú athöfn fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kost-
ur á að vera við eftir því sem húsrúm leyfir.

7. Opnar yfirkjörstjórn síðan atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins eftir að hún hefir sannfærst um að öll innsigli eru ósködduð. Jafn-
ótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoð-
uðum, helt í hæfilegt tómmt ilát með loki yfir og þannig haldið áfram uns allir
atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal hrísta ilátið svo seðlarnir úr
hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman. Talning atkvæða fer síðan fram
þannig, að oddviti yfirkjörstjórnar tekur upp einn og einn atkvæðisseðil í einu,
les upp atkvæðið (Já eða Nei), en meðkjörstjórar merkja um leið atkvæðin (við
Já eða Nei).

Verði ágreiningur meðal kjörstjóra um gildi atkvæðisseðils, skal afl at-
kvæða ráða úrslitum. Þá er allir atkvæðisseðlar eru uppletnir og atkvæðin skráð,
telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman og lýsir hún því síðan, hvernig atkvæði
hafi fallið, hve mörg með og hve mörg móti lögunum.

8. Yfirkjörstjórn skal bóka í gjörðabók sína það, sem gjörist við at-
kvæðagreiðsluna og undirskrifar síðan gjörðabókina. Endurrit af gjörðabókinni
skal yfirkjörstjórnin senda stjórnarráðinu með fyrstu póstferð eftir að talning
hefir farið fram.

Um atkvæðagreiðslu þeirra manna, sem staddir eru utan þess hrepps eða
kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þegar atkvæðagreiðsla fer fram, fer
svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 47, 30. nóvbr. 1914, um atkvæðagreiðslu þeirra
við alþingiskosningar, þannig að nota skal hin sömu kjörgögn og viðhafa sömu
aðferð og þar er fyrirskipuð með þeirri breytingu, að sá, sem óskar staðfestingar
konungs á sambandslögunum ritar »Já« á kjörseðilseyðublaðið, en sá, sem er á
móti lögunum ritar »Nei«.

Atkvæði utanhjæraðsmanna skulu talin þar, sem þeir greiða atkv., en
skylt er kjörstjórn að spyrjast fyrir með þjónustusímskeyti hvort þeir sje á kjör-
skrá þar, er þeir kveðast eiga heima. Skal atkvæði því aðeins gilt að svo reynist.

Þeir menn, sem eigi eru heimanfærir til kjörstaðar, mega kjósa á heimili
sínu á sama hátt og segir í nefndum lögum frá 1914, þó svo að húsráðandi eða
sá, er í stað hans kemur, skal votta um það, hversvegna kjósandi er eigi heim-
anfær og að hann sje sá, er fylgibrjefið greinir. Síðan sendir kjósandi kjörseðil
sinn í hinu þar til gerða umslagi á kjörstað, og skal brjefið vera þangað komið,
áður en atkvæðagreiðsla er lokið. Yfirkjörstjórn með aðstoð undirkjörstjórna ann-
ast um að kjörgögn í þessu skyni sjeu fyrirbyggjandi á 3—4 hentugum stöðum í
hreppi hverjum.

130 Þetta er hjermeð kunnugt gjört öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut
10. sept. eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 10. sept. 1918.

Jón Magnússon.

Björn Þórðarson,
settur.

131

1. des.

Auglýsing

um tilboð í eftirstöðvar af þessa árs framleiðslu af síld.

(Frá Útflutningsnefndinni).

Nefndin óskar eftir tilboðum frá ábyggilegum kaupendum í eftirstöðvar sildarinnar, sem mun vera um 13000 endurfyltar tonnur og liggur á þessum höfnum:

Ísafirði og Álftafirði ca. 5600,
Önundarfirði ca. 1800,
Ingólfssfirði ca. 2400, og
Reykjarfirði ca. 3100.

Tilboðin sjeu miðuð við sölu eftir vigtar- og matsvottorðum, sem nefndin hefir tekið gild. — Tilboðin má gera hvort heldur sem vill í meira eða minni hluta sildarinnar. — Tekið skal fram, að kaupandi greiði útflutningsgjald og stimpilgjald af sildinni. — Ennfremur sjeu tilboðin miðuð við að síldin sje afhent um borð í skip kaupanda á einhverri af ofangreindum höfnum.

Útflutningsleyfi fyrir þessum eftirstöðvum er fengið til Svíþjóðar, og er nú verið að leita eftir útflutningsleyfi til Noregs, og verða kaupendur auðvitað að hlíta þeim skilyrðum, sem slík leyfi eru bundin, ef síldin verður flutt út á meðan hafnbann Bandamanna stendur.

Öll tilboð um sildar kaupin sjeu í lokuðum umslögum, komin til nefndarinnar eigi síðar en 18. þ. m., opnar hún tilboðin öll þann dag og ákveður eftir þann tíma, hvort taka skuli tilboðunum eða ekki, alt eftir því, hvaða skilyrði fyrir sölu þá eru fyrir hendi.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Útflutningsnefndar. Simi 751.

Reykjavík, 1. desember 1918.

Thor Jensen. Pjetur Jónsson. O. Benjamínsson.